

## Fundargerð - Aðalstjórn UMF Tindastóls

**Fundarstaður:** Faxatorg

**Dagsetning:** 12. febrúar

**Tími:** 20:00–21:45

### Mættir

- Magnús Barðdal
- Stefán Árnason
- Sigurlína Erla

### 1. Úthlutun styrks frá Kaupfélagi Skagfirðinga

Farið var yfir skiptingu milli deilda á úthlutun styrks frá Kaupfélagi Skagfirðinga. Rætt var um forsendur skiptingar og mikilvægi gagnsæis og jafnræðis milli deilda við úthlutun fjármuna.

### 2. Málefni sunddeildar

Póra Lisebet, formaður sunddeildar, sat fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðu og málefni sunddeildar. Rætt var um starfsemi deildarinnar, áskoranir og tækifæri, auk undirbúnings fyrir Unglingalandsmót UMFÍ og önnur verkefni framundan. Aðalstjórn þakkar Þóru fyrir góða yfirferð og gagnlegt samtal.

### 3. Málefni skíðadeildar

Helga Daníelsdóttir, formaður skíðadeildar, kom á fundinn og fór yfir stöðuna á skíðasvæðinu og starfsemi deildarinnar. Rætt var um rekstur, áskoranir og framtíðarsýn skíðadeildar. Aðalstjórn þakkar Helgu fyrir yfirferðina og mikilvægt samtal um stöðu mála.

### 4. Erindi frá Sædísí Bylgju Jónsdóttur

Tekið var fyrir aðsent erindi frá Sædísí Bylgju Jónsdóttur þar sem skorað er á Tindastól að gera íþróttir aðgengilegri fyrir yngstu aldurshópa. Aðalstjórn fagnar erindinu og tekur undir að mikil tækifæri felist í auknu samstarfi milli deilda og því að efla aðgengi barna að fjölbreyttum íþróttagreinum. Samþykkt var að taka erindið áfram til umræðu með stjórnnum deilda og kanna leiðir til útfærslu.

### 5. Undirbúningur aðalfundar

Rætt var um undirbúning fyrir komandi aðalfund, skipulag, dagskrá og verkaskiptingu.

Fundi slitið kl. 21:45.